

## Námsmat í Ísaksskóla

Í Ísaksskóla er lögð áhersla á að veita nemendum endurgjöf á vinnu sína og frammistöðu jafnt og þétt yfir skólaárið. Leiðsagnarmat og símat gegna stóru hlutverki í námsmati skólans.

Námsmat í 6 til 9 ára bekkjum er skráð á mentor.is. Hæfniviðmið skólans liggja til grundvallar matinu. Kennarar meta þau viðmið úr skólanámskrá sem áhersla er lögð á hverju sinni. Þannig hafa nemendur og foreldrar þeirra góða yfirsýn yfir að hverju er stefnt og hvernig nemandanum gengur að ná markmiðum sínum.

Námsmat er gefið í umsögnum samkvæmt eftirfarandi matskvarða. Áhersla er lögð á að kennarar skrifi umsögn um hvernig nemandi geti bætt sig þegar það á við.

 Framúrskarandi
 Hæfni náð
 Þarfnast þjálfunar
 Hæfni ekki náð

Í ákveðnum námsgreinum, t.d. samfélags- og náttúrugreinar, er þó ekki stuðst við þennan matskvarða heldur einungis gefið lokið/ólókið.

Foreldraviðtöl fara fram tvisvar á skólaárinu, í október og febrúar. Þar gefst tækifæri til að skoða námsmatið saman, taka stöðuna og skipuleggja næstu skref.

Í lok hvers skólaárs fá nemendur útskriftarbók með umsögn/kveðju frá umsjónarkennara auk yfirlits yfir helstu námsgreinar og viðburði á skólaárinu. Framan á bókinni er mynd af nemandanum og bekkjarmynd aftan á. Nemendur í 6 til 9 ára bekkjum fá einnig útprentað yfirlit yfir þróun lesturs samkvæmt frammistöðu á lesfimiþrófum Menntamálastofnunar. Allt annað námsmat er skráð á mentor.is

Í lok skólaársins fá nemendur sem útskrifast úr 9 ára bekk í Ísaksskóla útprentað skjal af mentor.is með lokaeinkunn í öllum greinum. Lokaeinkunn er gefin í bókstöfum í öllum greinum nema í dansi.

## A

**Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi. Horft er til:**

- Virkni og áhugi
- Hópavinna og samskipti
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sköpun
- Vandvirkni og vinnubrögð
- Hæfni á námssviði

**Athugið að hæfnikort nemanda endurspeglar ekki alltaf lokamat. Kennurum er treyst til að leggja lokamat á hæfni nemenda.**

## B+

**Notað þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina B og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina A.**

- Virkni og áhugi
- Hópavinna og samskipti
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sköpun
- Vandvirkni og vinnubrögð
- Hæfni á námssviði

**Athugið að hæfnikort nemanda endurspeglar ekki alltaf lokamat. Kennurum er treyst til að leggja lokamat á hæfni nemenda.**

## B

**Góð hæfni og frammistaða í námi, hæfni náð.**

- Virkni og áhugi
- Hópavinna og samskipti
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sköpun
- Vandvirkni og vinnubrögð
- Hæfni á námssviði

**Athugið að hæfnikort nemanda endurspeglar ekki alltaf lokamat. Kennurum er treyst til að leggja lokamat á hæfni nemenda.**

## C+

Notað þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina C og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina B.

- Virkni og áhugi
- Hópavinna og samskipti
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sköpun
- Vandvirkni og vinnubrögð
- Hæfni á námssviði

Athugið að hæfnikort nemanda endurspeglar ekki alltaf lokamat. Kennurum er treyst til að leggja lokamat á hæfni nemenda.

## C

Sæmileg hæfni og frammistaða í námi. Horft er til:

- Virkni og áhugi
- Hópavinna og samskipti
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sköpun
- Vandvirkni og vinnubrögð
- Hæfni á námssviði

Athugið að hæfnikort nemanda endurspeglar ekki alltaf lokamat. Kennurum er treyst til að leggja lokamat á hæfni nemenda.

## D

Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant. Horft er til:

- Virkni og áhugi
- Hópavinna og samskipti
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sköpun
- Vandvirkni og vinnubrögð
- Hæfni á námssviði

Athugið að hæfnikort nemanda endurspeglar ekki alltaf lokamat. Kennurum er treyst til að leggja lokamat á hæfni nemenda.